



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Neyðarvörn með áherslu á forsvaranlega aðferð

Eggert Georgsson

Leiðbeinandi: Halldór Rósmundur Guðjónsson

Desember 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	2
2 Ólögmæti, neyðarréttur og samþykki	2
2.1 Ólögmæti og hlutrænar refsileysisástæður	2
2.2 Neyðarréttur	3
2.2.1 Almennt um neyðarrétt	3
2.2.2 Helstu skilyrði neyðarréttar	4
2.3 Samþykki	5
2.3.1 Almennt um samþykki	5
2.3.2 Skilyrði gilds samþykkis	6
3 Neyðarvörn	8
3.1 Almennt um neyðarvörn	8
3.2 Ólögmæt árás og andlag hennar	10
3.2.1 Andlag ólögmætrar árásar	10
3.2.2 Ólögmæti árásar	11
3.2.3 Áflog eða átök	12
3.2.4 Tímamark árásar og árásarstig	12
3.3 Skilyrði neyðarvarnar um nauðsyn og huglæga afstöðu geranda	13
3.3.1 Nauðsyn	13
3.3.2 Huglæg afstaða geranda	14
3.4 Út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar	15
3.4.1 Refsileysisástæða 2. mgr. 12. gr. hgl.	15
3.4.2 Refsilækkunar- og refsibrottfallsástæður 74. gr. hgl.	15
4 Skilyrði neyðarvarnar um forsvaranleg aðferð	16
4.1 Skilyrðið	16
4.2 Forsvaranleg aðferð í dómaframkvæmd	18
4.3 Hvað er þá forsvaranlegt?	22
5 Lokaorð	25
HEIMILDASKRÁ	27
DÓMASKRÁ	28

1 Inngangur

Neyðarvörn, einnig þekkt sem sjálfsvörn, er eflaust eitthvað sem fáir vilja nokkurn tímann þurfa að nýta sér, en á sama tíma er það þó eitthvað sem nánast allir vilja hafa sem möguleika á, verði þeir fyrir árás. Neyðarvörn er vissulega áhugavert umfjöllunarefni, eins eru mörg álítaefnin tengd henni. Erfitt er að segja til um hvaða hugmyndir fólk hefur almennt um neyðarvörn, til dæmis hver megi beita neyðarvörn, hvenær og til varnar hvers, hvað má gera í neyðarvörn og hvað ekki og svo líklegast erfiðasta spurningin, hversu langt má ganga? Eru þetta spurningar sem leikmaðurinn gæti svarað að mestu leyti rétt? Afleiðingarnar gætu verið alvarlegar, hafi hann rangt fyrir sér, bæði ef hann ver sig ekki nóg af því hann telur sig ekki mega ganga lengra og eins ef hann gengur of langt í vörninni. Hvað segja til dæmis reglur um neyðarvörn um það ef Bjarni bófi, vopnaður hníf, fer fram á annaðhvort peninga eða líf Jóakims? Væri það neyðarvörn ef Jóakim kýlir Bjarna bófa í andlitið í staðinn? Hvað ef Bjarni bófi stingur þá Jóakim í magann fyrir að kýla sig, væri það leyfileg neyðarvörn af hálfu Bjarna bófa?

Í þessari ritgerð verður reynt að gera skil á þessum reglum, umfjöllunarefnið er neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstöfuð hgl.), skilyrði leyfilegrar neyðarvarnar og dómaframkvæmd í þeim efnum. Ritgerðin hefst á umfjöllun um ólögmatisskilyrði refsíabyrgðar, ásamt stuttri umfjöllun um neyðarrétt og samþykki. Næst verður fjallað um neyðarvörn, bæði almenn umfjöllun um neyðarvörn og um skilyrði lögmætrar neyðarvarnar, einnig verður stutt umfjöllun um þær reglur sem geta átt við þegar farið er út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar. Þar næst er komið að megináherslu ritgerðarinnar, skilyrði neyðarvarnar um forsvaranlega aðferð og tengdri dómaframkvæmd. Að lokum verða dregnar ályktanir út frá dómaframkvæmdinni.

2 Ólögmati, neyðarréttur og samþykki

2.1 Ólögmati og hlutrænar refsileysisástaður

Refsiskilyrðum hefðbundinnar refsíabyrgðar má skipta í þrjá flokka. Í þeim fyrsta eru skilyrði tengd verknaðarlýsingu refsíákvæðis, þau eru refsínæmi, ólögmati og saknæmi og í undan- tekningartilvikum hvatir og sjálfstæð hlutræn refsiskilyrði. Í öðrum flokkinum eru skilyrði um sakhæfi, það er persónulegt hæfi sakbornings, um sakhæfisaldur og geðrænt sakhæfi. Í þeim þriðja eru skilyrði um gildissvið refsilaga, það er refsilögsögu, tímamörk sakar og fyrningu.¹

¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38.

Það er fortakslaust refsiskilyrði, að refsinaemur verknaður sé einnig ólögmaetur.² Best er að lýsa ólögmaeti með neikvæðum hætti með hliðsjón af undantekningarástæðum. Sé háttsemin refsinaem, telst hún ólögmaet þegar af þeirri ástæðu, nema einhverjar réttarreglur séu fyrir hendi sem gera hinn refsinaema verknað lögmætan, eins og á stóð og þar með refsilausan. Hlutrænu refsileysisástæðurnar liggja þar til grundvallar og eru þær byggðar á almennum réttarreglum, skráðum eða óskráðum, til dæmis neyðarvörn 12. gr. hgl., neyðarréttur 13. gr. hgl., samþykki, óbeðinn erindisrekstur, opinber réttarvarsla, tiltekin hagsmunavarsla og hagsmunamat.³ Þegar refsileysisástæða er fyrir hendi er verknaðurinn refsilaus frá upphafi og leiðir til sýknu.⁴ Ólögmaetisskilyrðið felur meðal annars í sér að refsinaem afleiðing tjónsbrots fullnægi kröfum um orsakatengsl og vávæni. Afleiðing refsiverðs verks verður því að teljast sennileg.⁵

Algennt er í hegningarlögunum að ólögmaetisskilyrðið sé ekki tilgreint í verknaðarlýsingu refsíákvæðis, til dæmis 211. gr. hgl.⁶ Höfundar hegningarlögunanna gerðu ráð fyrir að lögfesting ólögmaetis sem refsiskilyrði yrði erfið.⁷ Þó eru líka ákvæði þar sem ólögmaetisskilyrðið kemur fram og annað væri nánast óhugsandi, til dæmis 2. mgr. 111. gr. hgl.⁸ Einnig má hér nefna 176. gr. hgl., það væri heldur sérkennilegt ef starfsmenn Orkuveitunnar gerðust sekir um hegningarlögabrot þegar þeir skrúfa fyrir vatnið vegna viðgerða.

2.2 Neyðarréttur

2.2.1 Almenn um neyðarrétt

Með neyðarrétti samkvæmt 13. gr. hgl. er átt við lögmætt réttarvörsluverk einstaklings, sem nauðsynlegt er til þess að vernda lögmæta hagsmuni hans sjálfs eða annarra fyrir yfirvofandi hættu, þó með því séu skertir aðrir lögmætir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni. Neyðarréttur útilokar ólögmaeti sem hlutrænu refsiskilyrði og bakar þar með enga refsíabyrgð, á sama hátt og neyðarvörn 12. gr. hgl.⁹ Orðalagi 13. gr. hgl. var breytt frá 42. gr.

² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmaeti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 358-359.

³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38-39 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmaeti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 360. Ólögmaeti sem frumskilyrði skaðabótaábyrgðar er lýst á svipaðan hátt, sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 71.

⁴ Jónatan Þórmundsson: „Ólögmaeti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 374.

⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmaeti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 366.

⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

⁷ Alþt. 1939, A-deild, bls. 357 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmaeti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 368.

⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 140.

hegningarlaganna frá 1869 til að endurspeglar miklu víðtækara gildissvið en orðalag eldri hegningarlaga gaf til kynna, þó átti refsileysi ákvæðisins ekki að aukast með breytingunni.¹⁰

Þegar skilyrði neyðarréttar eru uppfyllt ber eigandi hinna meiri lögmætu hagsmuna hlutlæga bótaábyrgð á tjóni eiganda hinna minni hagsmuna, enda er þeim fórnað í hans þágu.¹¹ Sá sem ber fyrir sig að neyðarréttur leysi hann undan refsíábyrgð ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðin séu uppfyllt.¹² Þetta má einnig sjá í nýlegum dómi Hæstaréttar.

Hrd. 11. september 2014 (233/2014). P var sakfelldur fyrir umferðarlagabrot og bar fyrir sig refsileysi vegna neyðarréttar, sbr. 13. gr. hgl. Hæstiréttur féllst ekki á það og taldi ákærða hafa rennt engum haldbærum stöðum undir þá málsvörn sína að aðstæðum hafi verið þannig háttáð umrætt sinn að háttsemi hans væri refsilaus með vísan til 13. gr. hgl.

2.2.2 Helstu skilyrði neyðarréttar

Hinir vernduðu hagsmunir þurfa að vera *lögmætir* hagsmunir, sbr. 13. gr. hgl., og geta hvers konar lögmætir hagsmunir fallið undir verndarandlagið.¹³ Vernd 13. gr. er ekki bundin við hagsmuni þess, sem neyðarrétti beitir, heldur nær einnig til hagsmuna annarra, bæði einstaklinga og lögaðila. Það eru helst einstaklingshagsmunir sem reynir á, svo sem líf manna og heilsa, frelsi, friðhelgi einkalífs og ápreifanlegar eignir.¹⁴ Þetta skilyrði ber að túlka fremur rúmt. Hagsmunir geta talist lögmætir þótt eitthvað hafi skort á löglega tilurð þeirra í upphafi, til dæmis gæti neyðarrétti verið réttilega beitt til bjargar húsi frá eyðileggingu, þótt húsið hafi ekki reist með tilskildum leyfum.¹⁵

Í 13. gr. hgl. er gert skilyrði um að hætta sé *yfirvofandi*. Aðstæður þurfa að horfa við geranda þannig að það sé raunveruleg hætta og raunverulegar líkur á því að veruleg verðmæti fari forgörðum eða verði fyrir tjóni.¹⁶ Hættan þarf ekki að stafa af ólögmætu aferli og yfirleitt skiptir uppruni hættunar ekki máli.¹⁷ Getur hættan stafað hvaðan sem er og af hverju sem er, hvort sem það er af mannavöldum, dýrum, dauðum hlutum eða náttúruhamförum.¹⁸

Í *Hrd. 1999, bls. 2327 (12/1999)* féllst Hæstiréttur á að skilyrði neyðarréttar 13. gr. hgl. væru uppfyllt og sýknaði ákærða af ölvunarakstri. Ákærði D og bílstjórinn, B, voru að keyra að næturlagi í Þjórsárdal, B misst stjórn á bifreiðinni þannig að hún valt. D keyrði undir áhrifum áfengis til að koma B, sem kvartaði undan verkjum í baki og hálsi, undir læknishendur.

¹⁰ Alþt. 1939, A-deild, bls. 357.

¹¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 76-77.

¹² Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamáli*, bls. 29.

¹³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 148-149.

¹⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 149.

¹⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 150. Svipuð sjónarmið eru talin gilda um verndarandlag skaðabótareglna, sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 378.

¹⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 151.

¹⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 141.

¹⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 150.

Hæstiréttur féllst á að D hefði ekki átt annarra kosta vól en að aka sjálfur, var meðal annars horft til þess að B var ófær um að ganga eða aka sjálf frá slysstað og að D hefði, sem leikmaður, haft ástæðu til að ætla að áverkar B væru alvarlegri en þeir reyndust vera. Taldi Hæstiréttur háttsemi ákærða hafa verið nauðsynlega til vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, sem voru stórum meiri en þeir hagsmunir sem skertir voru.

Það er fortakslaust skilyrði refsileysis samkvæmt 13. gr. hgl., að verkið hafi verið *nauðsynlegt* til verndar lögmætum hagsmunum. Verk telst ekki nauðsynlegt ef önnur vægari aðgerð hefði dugað til verndar hinum veigameiri hagsmunum.¹⁹

Hrd. 2001, bls. 4232 (309/2001). S var ákærður fyrir akstur undir áhrifum áfengis og að aka án ökuréttinda. Bar hann fyrir sig neyðarrétt og sagði eiturlyfjagengi hafa skipað sér að hafa sig á brott innan klukkustundar, hann hefði óttast ofbeldi gegn sér og að bifreið hans yrði eyðilögð af genginu ef hann yrði ekki við kröfu þeirra. Hæstiréttur hafnaði því að neyðarréttur réttlætti háttsemi ákærða en vísaði að öðru leyti í forsendur hins áfrýjaða dóms. Í héraðsdómi sagði meðal annars að jafnvel þó frásögn S á atburðum væri lögð til grundvallar væri ekki hægt að fallast á neyðarvörn.²⁰ Ákærði hefði haft klukkutíma til að ráða úr vandræðum sínum auk þess sem hann hafði þegar ekið að minnsta kosti 10 kílómetra leið þegar lögregla stöðvaði hann í Reykjavík og hann hafi ætlað keyra áfram á Snæfellsnes.

Í 13. gr. hgl. er gert ráð fyrir því að neyðarvarnarverk sé unnið af *ásetningi* og með vitneskju um allar aðstæður eða að öðru leyti þannig, að huglæg afstaða geranda samsvari ásetningskröfum til refsiverðs verknaðar.²¹

Skilyrði 13. gr. um verulegan verðmætamismun er snúið nema um mælanleg og sambærileg verðmæti sé að ræða, ýmist þannig að hvor tveggja verðmætin verði virt til fjár eða verðmætum sem metin eru til fjár sé fórnað til verndar lífi eða heilsu manns. Af þessum ástæðum getur neyðarréttur ekki réttlætt að til dæmis einu mannlífi sé fórnað til að bjarga öðru eða jafnvel mörgum.²² Þó skilyrðið um verulegan verðmætamun sé heldur matskennt þá má vafinn þó ekki þykja meiri en svo, að víst þyki engu að síður, að munurinn sé *verulegur*.²³

2.3 Samþykki

2.3.1 Almenn um samþykki

Með samþykki er átt við undanfarandi eða samtímis viljatjáníngu þess, sem afbrot bitnar á, um að hann fallist á framkvæmd verksins.²⁴ Engin skilyrði eru um form samþykkis, það má vera munnlegt, skriflegt, einnig getur þögn eða einhvers konar látbragð verið skilið sem

¹⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 153.

²⁰ Héraðsdómur talar ranglega um neyðarvörn, ekki neyðarrétt en Hæstiréttur leiðréttir það.

²¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 157.

²² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 160 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 370.

²³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 162.

²⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 164.

samþykki. Aðeins getur reynt á reglur um samþykki ef brotið hefur bitnað á einhverjum sérgreindum brotapolá, það er einstakling eða lögaðila, einum eða fleiri.²⁵

Ef samþykki telst gilt, er verknaður lögmætur eins og á stendur og bakar geranda ekki refsíabyrgð og hafi refsímál verið höfðað, ber að sýkna.²⁶ Hafi refsímál verið höfðað út af broti, skiptir *eftirfarandi* samþykki engu máli varðandi sjálfa refsíabyrgðina.²⁷

Í 2. málsl. 2. mgr. 218. gr. c. hgl. er að finna lögfesta reglu um samþykki sem refsíleysis-ástæðu, getur hún átt við þegar verknaður varðar við 217. gr. hgl. Fyrir lögfestingu 2. málsl. 2. mgr. 218. gr. c. (upprunalega 218. gr. a. og seinna 218. gr. b.) var talin gilda ólögfest regla um refsíleysi samþykkis af þessu tagi.²⁸ Hliðstætt ákvæði dönsku hegningarlaganna var afnumið eftir að tilgreining þess í settum lögum var metin óþörf þar sem reglan styddist við almenn óskráð viðhorf í refsírétti, enda væru öll skilyrði refsíleysis uppfyllt.²⁹

2.3.2 Skilyrði gílds samþykkis

Skilyrði samþykkis sem refsíleysisástæðu eiga við, hvort sem heimildirnar eru lögfestar eða ólögfestar.³⁰

Sá, sem samþykki gefur, þarf að vera til þess *hæfur*. Það fer eftir brotategundum og aðstæðum hverju sinni, hver telst vera hæfur.³¹ Ætlast verður til þess, að samþykkjandi hafi náð þeim aldri og andlega þroska, að hann skilji efni samþykkisins og afleiðingar þess. Samþykki barns hefur ekkert gildi þegar lög vernda barn sérstaklega gegn misnotkun eða misneytingu af hálfu þeirra, sem eldri eru, til dæmis 202. gr. hgl.³²

Hrd. 13. nóvember 2014 (355/2014). X var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. hgl. fyrir að notfæra sér andlega fötlun brotapóla til að hafa margoft við hana samræði. X neitaði sök og sagði kynmökina ávallt hafa farið fram með samþykki konunnar. Hæstiréttur féllst ekki það og taldi, með vísan til sálfræðilegs mats á brotapolá, ljóst að brotapolá væri ekki fær um að veita gilt samþykki fyrir kynmökum.

Brotapóla verður að vera bær um að ráðstafa hagsmunum með samþykki sínu eða láta skerða þá með öðrum hætti.³³ Í *Hrd. 1994, bls. 813* reyndi á heimild til samþykkis. Þar taldi Hæstiréttur samþykki föðurs ákærða, E, til lögreglu um inngöngu í hús sitt ekki ná til

²⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 164.

²⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 165.

²⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 177.

²⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 165 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsíleysisástæður”, bls. 380.

²⁹ Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsíleysisástæður”, bls. 380.

³⁰ Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsíleysisástæður”, bls. 380.

³¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 166.

³² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 166-167.

³³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 167.

einkaherbergis E. Lögreglan var þar komin til að handtaka E vegna handtökuskipunar dómara. Var talið að lögreglan þurfti dómsúrskurð eða samþykki E til að leita inngöngu í herbergið.

Samþykki, sem hlutræn refsileysisástæða, hefur fremur takmarkað gildissvið þar sem eðli hagsmuna útilokar oft samþykki sem refsileysisástæðu. Þessum hagsmunum má skipta í þrenns konar afbrot. Í fyrsta lagi brot gegn almannahagsmunum, þar sem erfitt er eða ómögulegt að tengja brot við tiltekna brotapolu. Í öðru lagi brot gegn hagsmunum, er varða sjálfa tilvist ríkisins og öryggi stjórnskipunar. Sjaldan er einhver einstaklingur eða stofnun bær til að samþykkja slík brot. Í þriðja lagi eru það dýrmætustu hagsmunir einstaklinganna, líf þeirra, frelsi og heilsa, en brot gegn þessum hagsmunum eru talin svo alvarleg í eðli sínu, að ekki þykir fært að viðurkenna samþykki við þeim sem refsileysisástæðu.³⁴

Hrd. 1982, bls. 124. Tveir menn voru ákærðir fyrir brot gegn 215. gr., 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. hgl., auk ýmissa umferðarlagabrota. Ákærðu höfðu farið í spyrnukeppni sem endaði með árekstri, með þeim afleiðingum að einn farþegi þeirra lést og annar slasaðist alvarlega, þá þóttu þeir einnig hafa stofnað lífi og heilsu annarra farþega þeirra í augljósan háska. Farþegar ákærðu vissu að til stóð að fara í spyrnu og mótmæltu því ekki, var lítið svo á að þeir hefðu samþykkt það. Samþykki farþeganna var þó ekki talið leiða til refsileysis ákærðu af þeim hegningarlagabrotum sem þeir voru ákærðir fyrir en það leiddi þó til lækkunar við mat á refsingu ákærðu samkvæmt 4. mgr. 220. gr. hgl.

Hrd. 1991, bls. 1505. Í þessu máli var H ákærður og sakfelldur fyrir umferðarlagabrot en sýknaður af ákæru um rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl. H hafði tvívegis gefið upp nafn og kennitölu annars manns þegar hann var stöðvaður fyrir umferðarlagabrot. H bar fyrir sig að hafa haft samþykki viðkomandi til að nota nafnið hans með þessum hætti. Hæstiréttur taldi að skýra yrði ákvæðið með þeim hætti að þeim manni verði ekki refsáð sem ber annan mann rögum sökum með samþykki hans.

Samþykki sem gefið er vegna vanþekkingar eða misskilnings á aðstæðum og fyrirsjáanlegum afleiðingum afbrots er ógilt.³⁵

Gilt samþykki verður aðeins gefið af fúsum og frjálsum vilja. Hafi samþykki verið fengið með ólögmati aðferð, eins og ofbeldi, hótun, misneytingu eða blekkingu er það ógilt.³⁶

Samþykki má afturkalla hvenær sem er, nema lög kveði öðruvísi á eða verðmætum hafi verið ráðstafað með bindandi hætti samkvæmt reglum einkaréttar. Við afturköllun glatar samþykkið gildi sínu að fullu, eða að því marki sem í afturköllun felst.³⁷ Telja verður þó, eðli málsins samkvæmt, að samþykki verði ekki afturkallað eftir framkvæmd hins samþykta verks, svo það verði refsivert.

³⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 167-168.

³⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168.

³⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168.

³⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168.

3 Neyðarvörn.

3.1 Almennt um neyðarvörn

Fjallað er um neyðarvörn í 12. gr. hgl.³⁸ og er hún svohljóðandi:

12. gr. Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.

(2. mgr.) Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

Neyðarvörn er lögmæt réttarvörsluathöfn einstaklings, sem felur í sér nauðsynlega beina valdbeitingu gegn manni til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás hans á þann sem neyðarvörninni beitir, eða á einhvern annan mann.³⁹

Skilyrði neyðarvarnar eru hin sömu í 12. gr. hgl. og þau voru í 41. gr. hegningarlaganna frá 1869. Sá munur var þó á 12. gr. hgl. og 41. gr. eldri hegningarlaga að greinarmunurinn á einfaldri neyðarvörn og ýrústu neyðarvörn var felldur í burtu og dómstólum gefið meira svigrúm til mats á því hvort beitt hafi verið hættulegri vörnum en ástæða var til.⁴⁰

Eins og kom fram í kafla 2.1 er hlutrænt skilyrði refsíabýrgðar að háttsemi hafi verið ólögmæt, gild neyðarvörn réttlætir frá upphafi þann verknað sem hún tekur til og útilokar þannig ólögmæti sem refsiskilyrði. Sem lögmæt athöfn, bakar því gild neyðarvörn ekki geranda refsíabýrgð.⁴¹ Sé háttsemi refsilaus samkvæmt 12. gr. hgl. verður almennt gengið út frá því að hún stofni ekki heldur til skaðabótaábyrgðar. Slík niðurstaða væri þó ekki sjálfgefin heldur háð mati hverju sinni.⁴²

Neyðarvörn er talin hafa takmarkaðra gildi í undirheimunum en í daglega lífi hins almenna borgara, í það minnsta í dönskum rétti.

Ufr. 2011, bls. 2133. Í því máli voru þrír menn ákærðir fyrir tilraun til manndráps. Þeir höfðu mælt sér móts á almannafæri til að útkljá deilumál, tengd glæpastarfsemi, þeirra á milli. T1 var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps fyrir að skjóta nokkrum skotum úr skammbyssu í T3 og hæfðu nokkur þeirra. T2 var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps, hann reyndi að drepa mann með því að miða byssu sinni í höfuð hans og taka í gikkinn en byssan virkaði ekki. T3 var sýknaður af tilraun til manndráps en sakfelldur fyrir ólöglegan vopnaburð, eins og T1 og T2. T2 og T3 mættu á fundinn klæddir skotheldum vestum. Þetta var ekki talið réttlætast af neyðarvörn

³⁸ Sambærileg ákvæði er að finna í 13. gr. dönsku hegningarlaganna (Borgerlig straffelov nr. 126/1930) og í 18. gr. norsku hegningarlaganna (Lov om straff 20. mai 2005 nr. 28).

³⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð III*, bls. 116.

⁴⁰ Alþt. 1939, A-deild, bls. 357.

⁴¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð III*, bls. 116.

⁴² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I*, bls. 76-77.

og jafnframt tekið fram að undirheima uppgjör, sem þessi, nytu takmarkaðri verndar neyðarvarnarreglna.

Sá sem heldur því fram, að háttsemi hans hafi verið refsilaus á grundvelli neyðarvarnar ber sönnunarbyrðina fyrir því. Er það meðal annars byggt á gagnályktun frá 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar er sönnunarbyrði fyrir sekt ákærða og atvikum, sem telja má honum í óhag, lögð á ákærvaldið.

Varnir sem byggðar eru á neyðarvarnarástæðum verður að meta út frá því hvort þær séu nægjanlega sannfærandi til þess að vefengja þær líkur á sekt sakbornings sem færðar hafa verið fram. Þó að ákærvaldinu beri að upplýsa um slík atriði er ljóst að ákærði verður einnig að beita sér fyrir því að styrkja slíkar varnir.⁴³ Þessi sjónarmið má sjá í eftirfarandi dómum.

Hrd. 30. maí 2013 (373/2012) Úr forsendum Hæstaréttar: „Eins og aðstæðum var háttað verður ekki talið að ákærði hafi leitt viðhlítandi rök að því að háttsemin, sem honum er gefin að sök og hér um ræðir, hafi réttlæst af því að honum hafi verið ógnað á þann hátt, sem vísað er til í þeirri lagagrein, en samkvæmt gagnályktun frá 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ekki lögð sú skylda á ákærvaldið að þurfa að hnekkja slíkri staðhæfingu ákærða”

Hrd. 24. nóvember 2011 (299/2011). Í því máli var ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl. Hann hélt því fram að verkið hefði verið unnið í neyðarvörn. Höfnuðu bæði Hæstiréttur og héraðsdómur því. Hæstiréttur taldi ákærða ekki hafa sýnt fram á að verknaðurinn hafi verið honum refsilaus vegna neyðarvarnar. Héraðsdómur hafnaði neyðarvörn, í dómnum kom fram að „vísbendingar hafa ekki komið fram í málinu um það að ákærði hafi verið í lífshættu eða að velferð hans væri stefnt í slíka hættu að það réttlætti stórhættulega atlögu hans”

Helstu lagarök neyðarvarnar eru þrenns konar, sjálfsbjargarhvöt, réttur gegn órétti og varnaðarástæður.

Sjálfsbjargarhvötin er talin fullnægjandi skýring og réttlætning á neyðarvarnarverki þegar að manni beinist alvarleg, ólögmat árás. Ekki er hægt að ætlast til að maður verjist ekki árás heldur láti stofnunum ríkisins það eftir að rannsaka málið og grípa til ráðstafana síðar.⁴⁴

Réttur gegn órétti eru önnur rök neyðarvarnar, það er mikilvægt frá bæði hagnýtu og réttarheimspekilegu sjónarmiði, að unnt sé að snúa og afstýra augljós órétti af hálfu annara á meðan tækifæri gefst. Það væri bara til þess fallið að ýta undir og auðvelda rangindi, ef ekki mætti snúast til varnar gegn þeim þegar í stað. Réttur gegn órétti eru helstu rökin sem teft er fram til réttlætningar neyðarvarnar í þágu þriðja manns.⁴⁵

Varnaðarástæður eru talin eiga við, hvort sem það er til varnar þess sem neyðarvörn beitir eða til varnar þriðja manni. Víst má telja að neyðarvarnarheimild verki oft sem hemill á árásarhneigð manna, þó verða áhrifin talin takmörkuð þar sem árásmenn leita sér gjarnan

⁴³ Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 29.

⁴⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 118.

⁴⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 118.

fórnarlamba sem eiga erfitt með að verja sig og þegar enginn er nærstaddur, sem getur komið þeim til bjargar.⁴⁶

Það er augljós sanngirniregla, að maður geti brugðist við ólögmætri árás með neyðarvörn, bæði sjálfum sér til varnar og einnig þeim sem eru honum nærkomnir.⁴⁷

3.2 Ólögmæt árás og andlag hennar

3.2.1 Andlag ólögmætrar árásar

Andlag ólögmætrar árásar samkvæmt 12. gr. hgl. er mjög víðtækt og nær yfir hvers konar lögverndaða hagsmuni. Neyðarvörn er ekki takmörkuð við hagsmuni þess, sem henni beitir, heldur getur einnig tekið til hagsmuna þriðja manns.⁴⁸ Ákvæðið verndar fyrst og fremst einstaklingshagsmuni svo sem líf manna og heilsu, frelsi, eignir, æru, friðhelgi einkalífs, blygðunarkennd, sifjaréttindi, einkaréttindi og rétt samkvæmt vinnurétti. Þeir einstaklingshagsmunir sem vega þyngst, eru líf, líkami og heilsa árásarþola, síðan koma eignarréttindi hans. Einnig er talið að meiri háttar þjóðfélagshagsmunir falli undir, til dæmis er varða öryggi ríkisins, aðrar lagaheimildir kunna þó að eiga betur við, til dæmis 126. gr. hgl.⁴⁹

Bæði eignarhald og varsla fjármuna geta notið verndar sem andlag neyðarvarnar. Það er ekki skilyrði að stofnað hafi verið til vörslu muna með löglegum hætti, þannig gæti þjófur varið ólöglega vörslu sínar á þýfi gegn ólögmætri árás þriðja manns.⁵⁰ Ólöglegur vörsluhafi getur þó aldrei beitt neyðarvörn gegn eigandanum, nema eigandinn geri sig líklegan til að beita líkamlegu ofbeldi. Eiganda standa einnig aðrar réttarvörsluheimildir til boða en neyðarvörn gagnvart ólöglegum vörsluhafa, eins og regluna um töku muna af þjófi *in continenti*.⁵¹

Árás í skilningi 12. gr. hgl. ber að túlka nokkuð rúmt en er eðli málsins samkvæmt takmörkuð við *athafnir* í refsiréttarskilningi, en getur þó falið í sér óbeint athafnaleysi, sem lagt verður að jöfnu við athöfn. Beint athafnaleysi getur ekki talist til árásar í skilningi 12. gr. hgl., þó brotið sé gegn lögum með athafnaleysinu.⁵²

Ærumeiðandi ummælum verður aldrei svarað með líkamsárás eða annarri svipaðri valdbeitingu þó hugsanlegt sé að svara mætti með öðrum eðlislíkum eða sambærilegum

⁴⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 119.

⁴⁷ Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 383.

⁴⁸ Alþt. 1939, A-deild, bls. 357 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 119.

⁴⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 119.

⁵⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 119-120.

⁵¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 120 og Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 381.

⁵² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 121.

viðbrögðum, sbr. 239. gr. hgl.⁵³ Á þetta reyndi í *Hrd. 1976, bls. 4*. Þar réðist ákærði á mann sem hafði móðgað móður hans. Þessi árás var ekki talin geta réttlæst af neyðarvörn enda hvorki talin nauðsynleg til þess að verjast né afstýra hinu meiðandi orðbragði brotaþola né var hún talin fyllilega réttlætanleg út frá sanngirmissjónarmiði.

Það er athyglisvert hversu afdráttarlaus Jónatan er í afstöðu sinni um ærumeiðandi ummæli, sérstaklega með hliðsjón af því hve vægt orðalag dómsins er,⁵⁴ að árásin verði ekki talin *fullilega réttlætanleg* út frá sanngirmissjónarmiði og hversu langt ákærði gekk í árásinni, eftir að ákærði sló brotaþola í götuna, þá sló hann einnig og sparkaði í brotaþola liggjandi.

Tvímælalaust er aðalreglan að neyðarvörn sé ekki tæk gegn ólöglegum stjórnvalds-ákvörðunum, nema mikið komi til. Má það meðal annars rökstyðja með því að neyðarvarnarverk sé ekki nauðsynlegt, enda eru aðrar leiðir færar til þess að leita réttar síns, eins og stjórnarsýslukærur eða málssókn fyrir dómstólum.⁵⁵

Hrd. 1966, bls. 704. Ákærði hafði tvívegis rofið innsigli af dyrum verslunar sinnar, skömmu eftir að lögreglan hafði lokað versluninni vegna brota ákærða á banni gegn kvöldsölu í reglum um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík. Innsiglisbrotið var talið varða við 1. mgr. 113. gr. hgl. Ákærði var sýknaður í Hæstarétti af brotum gegn reglum um afgreiðslutíma verslana en meirihluti Hæstaréttar sakfelldi fyrir brot gegn 1. mgr. 113. gr. hgl. og taldi ákærða hafa verið skylt, eins og á stóð, að hlýta innsiglu í bráð, enda gat hann leitað úrlausnar dómara um ágreiningsefni. Minnihluti Hæstaréttar sýknaði og taldi ákærða heimil nauðvörn þar sem lokun og innsiglu lögreglunnar hafði hvorki stóð í lögum formlega né efnislega.

Hrd. 1994, bls. 813. Þar hafði ákærði, E, kýlt lögreglumann í andlitið sem var staddur á heimili hans í því skyni að handtaka hann samkvæmt handtökuskipun. Hæstiréttur taldi að þótt E hefði haft réttmæta ástæðu til að efast um heimild lögreglunnar til að handtaka sig að svo stöddu, þá veitti það honum engan rétt til þess að hindra lögreglumennina með ofbeldi við framkvæmd starfa sinna. Það haggði ekki niðurstöðunni, að framferði lögreglu var ólöglegt, en ákærða voru önnur úrræði tiltæk til þess að leita réttar síns að lögum. Var E sakfelldur fyrir líkamsárás, sbr. 1. mgr. 218. gr. hgl. og brot gegn valdstjórninni, sbr. 106. gr. hgl.

3.2.2 Ólögmati árásar

Það er skilyrði í 12. gr. hgl. að árás sé *ólögmat*, það er að hún sé andstæð skráðum eða óskráðum réttarreglum. Árás þarf ekki að vera refsínæm, þó hún sé það oftast.⁵⁶ Árásarmaður þarf ekki að vera sakhæfur, og skiptir þá ekki heldur máli, hvort árás hans telst refsiverður verknaður eða ekki.⁵⁷ Ekki verður talið að neyðarvörn yrði viðurkennd gegn réttlætanlegri og

⁵³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 121.

⁵⁴ Tekið skal fram að um orð sakadóms er að ræða en Hæstiréttur staðfesti dóminn með vísan til forsendna hans.

⁵⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 122.

⁵⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 125.

⁵⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 126.

lögmætri aðgerð.⁵⁸ Af sömu ástæðum verður neyðarvörn ekki svarað með nýju neyðarvarnarverki.⁵⁹

Hrd. 1992, bls. 825. S ruddist inn í leigubifreið og neitaði að fara þaðan út, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli bílstjórans, sló þá bílstjórinn til S sem veittist til baka að bílstjóranum með líkamlegu ofbeldi. S bar fyrir sig neyðarvörn en því var hafnað þar sem auðvelt hefði verið fyrir ákærða að fara út úr bifreiðinni og að honum hafi borið að gera það þegar honum var tjáð að bifreiðin væri ekki laus.

Í forsendum héraðsdóms kemur fram og í reynd staðfest af Hæstarétti, að viðbrögð bílstjórans voru réttlætanagerleg, miðað við aðstæður og því hafi S ekki verið að verjast ólögmætri árás í skilningi 12. gr. hgl.⁶⁰

Árás getur verið ólögmæt þótt hún hafi ekki verið alveg tilefnislaus af hálfu árásarmanns. Það að árásarþoli hafi sjálfur gefið tilefni til árásar með einhvers konar ögrun, útilokar ekki ólögmæti árásar og lögmæti neyðarvarnarverks, nema árásin hafið beinlínis verið vakin í þeim tilgangi að fá tækifæri til þess að ná sér niðri á árásarmanninum.⁶¹

3.2.3 Áflog eða átök

Ef tveir menn eða fleiri eiga í átökum, standa nokkurn veginn jafnt að vígi og bera allir ábyrgð á þeim, teljast þau yfirleitt ekki til ólögmætra árasa í skilningi 12. gr. hgl. Á meðan átökin eru innan „eðlilegra marka“, gilda um þau samþykkissjónarmið, þannig að allir aðilar teljast hafa gengið til leiks af fúsum og frjálsum vilja. Um slík átök gildir regla 3. mgr. 218. gr. c. hgl. en ekki 12. gr. hgl. Áflogin geta þó breyst í ólögmæta árás eins og ef einn þátttakandinn dregur upp vopn og hyggst beita því. Hinir aðilarnir geta þá varið sig með neyðarvörn, þar sem eðli áfloganna hefur breyst og eru komin út fyrir mörk þeirra samþykkis.⁶²

3.2.4 Tímamark árásar og árásarstig

Neyðarvörn er varnarvörsluathöfn, og þess vegna verður hin ólögmæta árás að eiga sér stað, áður en eða um leið og til varnarverks er gripið. Árás má ekki vera lokið þegar neyðarvarnarverk hefst, enda áskilur 12. gr. hgl. að árás sé *byrjuð* eða *vofi yfir*. Lok árásar má oft miða við fullframningarstig viðkomandi brotategundar.⁶³

⁵⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 125.

⁵⁹ Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 376 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 116.

⁶⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 125.

⁶¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 126 og Ólafur Egill Jónsson: „Neyðarvörn: Heimspekin á bakvið neyðarvörn og almenn skilyrði neyðarvarnar“, bls. 167.

⁶² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 127.

⁶³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 128.

Hrd. 1956, bls. 153. Þar bar ákærði, K, fyrir sig neyðarvörn, en hann hafði kýlt mann, H, í andlitið skömmu eftir að H hafði slegið unglingsstrák í andlitið. Hæstiréttur féllst ekki á neyðarvörn, meðal annars með þeim rökstuðningi að árás H gegn stráknum hafi ekki verið yfirvofandi eða byrjuð heldur hafi henni verið lokið og strákurinn þegar farinn á brott.

Hrd. 9. júní 2011 (18/2011). Í því máli var neyðarvörn ekki talin réttlæta líkamsárás ákærðu þar sem atlögu A, gegn henni var yfirstaðin þegar ákærða réðist að A og því var verkið ekki nauðsynleg til að verjast eða afstýra árás, sem byrjuð var eða yfirvofandi.

Í dönskum rétti er yfirvofandi árás eitt af skilyrðum neyðarvarnar. Í norskum rétti er yfirvofandi árás þó ekki skilyrði neyðarvarnar, skilyrðið um nauðsyn varnarverks er látið duga.⁶⁴

3.3 Skilyrði neyðarvarnar um nauðsyn og huglæga afstöðu geranda

3.3.1 Nauðsyn

Það er skýrt tekið fram í 12. gr. hgl. að það verk sé refsilaust sem menn vinna af neyðarvörn, að því leytir sem það hefur verið *nauðsynlegt* til þess að verjast eða afstýra ólögum árás. Þetta ber að skilja svo, að nauðsyn varnarverksins sé *fortakslaust skilyrði* refsileysis og sýknu. Mælikvarði á nauðsyn neyðarvarnar hlýtur fyrst og fremst að vera almennur og hlutlægur.⁶⁵

Ef unnt er að afstýra ólögum árás með öðrum hætti en beinni valdbeitingu, telst neyðarvörn ekki nauðsynleg og því yfirleitt óheimil. Þannig hefur árársþoli sem getur stöðvað eða afstýrt árás með vægari aðgerðum, til dæmis með því að kalla til nærstaddan lögreglumann, yfirleitt ekki heimild til neyðarvarnaraðgerða í staðinn. Það er þó ekki talið felast í þessu skilyrði að árársþoli þurfi að reyna flýja af vettvangi, þó það geti verið hluti skilyrðinu um forsvaranlega aðferð.⁶⁶ Hér má nefna áður nefndan *Hrd. 1956, bls. 153.* Þar bar ákærði, K, fyrir sig neyðarvörn, en hann hafði kýlt mann, H, í andlitið skömmu eftir að H hafði slegið unglingsstrák í andlitið. Hæstiréttur féllst ekki á neyðarvörn, meðal annars með þeim rökstuðningi að ákærði hafði sýnt að hann gat ráðið við H án þess að slá hann og hefði getað haldið H upp við vegg. Einnig hefði K getað komist hjá átökunum með því að fara frá H, eða halda honum þar til lögreglan kæmi á staðinn, en hún var skammt undan.

Hér var neyðarvörn hafnað þar sem ákærði gat farið aðrar og vægari leiðir en hann gerði.

Eins má benda aftur á *Hrd. 1976, bls. 4.* Þar var árás ákærða ekki talin réttlætast af neyðarvörn enda hvorki talin *nauðsynleg* til þess að verjast né afstýra hinu meiðandi orðbragði brotaþola né var hún talin fyllilega réttlætunleg út frá sanngirnisþjórnarmiði.

⁶⁴ Ólafur Egill Jónsson: „Neyðarvörn: Heimspekin á bakvið neyðarvörn og almenn skilyrði neyðarvarnar”, bls. 149.

⁶⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 129.

⁶⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 129-130.

Í *Hrd. 22. september 2011 (724/2010)* var neyðarvörn hafnað þar sem atлага Þ var ekki talin nauðsynleg til að verjast eða afstýra ólögmætri árás.

Hrd. 22. september 2011 (724/2010). Í því máli var Þ sakfelldur fyrir að stórfellda líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl., fyrir þá háttsemi að slá A nokkrum sinnum í andlitið með slökkvitæki. Bar Þ fyrir sig neyðarvörn en Hæstiréttur taldi atlögu hans ekki hafa verið *nauðsynlega* til verjast eða afstýra ólögmætri árás sem byrjuð var eða var yfirvofandi. Vísaði Hæstiréttur einnig til að A var á flotta undan Þ og bróður hans áður en Þ sló A með slökkvitækinu.

Danskur dómur þar sem árás lögreglumannsins T var ekki talin réttlætast af neyðarvörn.

UfR. 2001, bls. 2126. Þar voru atvikin þannig að lögreglumaðurinn T, ásamt starfsfélagi, handtók A og B vegna þjófnaðar í verslun. A var mjög æstur og því settur í handjárn og í aftursæti lögreglubifreiðarinnar við hliðina á B. Þegar T var keyra í kringum svæðið, á meðan starfsfélaginn leitaði að þriðja þjófinum, tókst B að sparka í höfuð T, stöðvaði T þá lögreglubifreiðina, opnaði afturhurðina og reyndi A þá aftur að sparka í T. Lamdi T þá A nokkrum sinnum með lögreglukylfunni sinni.

3.3.2 Huglæg afstaða geranda

Í 12. gr. hgl. er á því byggt, að neyðarvarnarverk sé unnið með vitneskju um allar aðstæður eða að öðru leyti þannig, að huglæg afstaða geranda samsvari ásetningskröfum til refsiverðs verknaðar.⁶⁷

Hafi maður beitt neyðarvörn vegna misskilnings á aðstæðum getur það leitt til sýknu vegna *pútatívrar neyðarvarnar*. Á hinn bóginn getur maður gerst sekur um tilraun til afbrots, hafi maður unnið refsivert verk án vitneskju um neyðarvarnar eða neyðarréttar aðstæður, sem hefðu annars leitt til sýknu.⁶⁸

UfR. 1998, bls. 504. T1 og T2 voru ákærðir fyrir líkamsárás en sýknaðir á grundvelli neyðarvarnar, sbr. 1. mgr. 13. gr. dönsku hegningarlagna. F hafði verið með ögrandi og hótandi hegðun í garð T1 og T2, T2 sá ekki að T1 hafði ýtt F og hélt því ranglega að hann væri að verjast árás F gegn T1 þegar hann kýldi F með krepptum hnefa. T1 sá svo bara þegar T2 og F voru í átökum og F reyndi að kasta björglasi í T2, sneri F því sér næst að T1 sem kýldi F með krepptum hnefa.

Þarna misskildu T1 og T2 aðstæður þannig að þeir töldu sig vera vinna neyðarvarnarverk og voru sýknaðir vegna *pútatívrar neyðarvarnar*.

⁶⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 133.

⁶⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 134. *Pútatív brot* er þau brot þar sem gerandi hefur ásetning til að fullfremja tiltekið brot og telur sig hafa gert það en vegna misskilnings hans eða vanþekkingar á aðstæðum hefur gerandinn ekki fullframið brotið í raun, er það þá virt sem tilraun til afbrots. Sjá Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 121-122. Þannig er það *pútatív neyðarvörn* ef gerandi telur aðstæður vera með þeim hætti, að hann sé að vinna verk í neyðarvörn, þótt svo sé ekki í reynd, þá útilokar villan ásetning geranda til refsiverðs verknaðar. Villan leiðir þá til sýknu eins og um raunverulega neyðarvörn hafi verið að ræða.

3.4 Út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar

Þegar farið er út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar eru tvær sérreglur í hegningarlögunum sem geta átt við. Þessi frávik lúta fyrst og fremst að skilyrðinu um forsvaranlega aðferð.⁶⁹

3.4.1 Refsileysisástæða 2. mgr. 12. gr. hgl.

Refsileysisástæða 2. mgr. 12. gr. hgl. er svohljóðandi:

Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að árásarþoli hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, en samt sé dómstólum skylt að sýkna hann eins og um leyfilega neyðarvörn sé að ræða samkvæmt 1. mgr. 12. gr. hgl. Hér er tekið tillit til mjög einstaklingsbundinna ástæðna. Í 2. mgr. 12. gr. er áskilið tvöfalt orsakasamband, það er að ólögmat árás hafi leitt til þess, að gerandi varð svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín og fór út fyrir leyfileg takmörk neyðarvarnar vegna þess.⁷⁰

Hrd. 1936, bls. 401. Hópur manna réðist að lögreglumanni, V, sem var við gæslu á balli, börðu þeir hann margsinnis, báru hann út úr húsinu og vörpuðu honum svo yfir grindverk á tröppum og um tvo og hálfan metra niður á grýtta jörð. Er V stóð upp, var honum aftur ógnað af mannfjöldanum, sem að honum sótti, hótaði hópurinn því að hann skyldi hýddur, settur í poka, grýttur og jafnvel drepinn. Dró V þá upp skotvopn og skaut viðvörunarskotum að hópnum, einhver meiðsl urðu en engin alvarleg. Hæstiréttur taldi háttsemi lögreglumannsins réttlætast af reglum um neyðarvörn. Talið var að hann hefði farið út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar með því að skjóta oftár en þörf var á og ekki gætt ýtrustu varúðar við beitingu skotvopnsins en í ljósi hinnar miklu geðshræringar og æsings sem hann var í í kjölfar hinna stórfelldu árásar sem hann hafði orðið fyrir og hótana hópsins um framhaldið var hann sýknaður.⁷¹

Hérna er vel skiljanlegt að sýknað hafi verið á grundvelli 2. mgr. 12. gr., eins ef sýknað hefði verið á grundvelli 1. mgr. 12. gr. Ákærði beitir skotvopninu þegar hópur fólks er við það að halda áfram harkalegri árás sinni gegn honum, hópur sem er meðal annars að kalla að hann verði jafnvel drepinn.

3.4.2 Refsilækkunar- og refsibrottfallsástæður 74. gr. hgl.

Í 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. hgl. er að finna *heimild* til að færa refsingu niður úr því lágmarki, sem einstök refsíákvæði ákveða. Þannig geta dómstólar farið ákveðinn milliveg, þegar ekki er

⁶⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 134.

⁷⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 135.

⁷¹ Sýknað var á grundvelli 1. máls. 2. mgr. 41. gr. þágildandi hegningarlaga, sem svarar nú til 2. mgr. 12. gr. hgl.

ástæða til að sýkna á grundvelli 12. gr. hgl. en þó hafi háttsemi ekki farið svo langt frá skilyrðum 12. gr., að einungis full refsing komi til greina.⁷²

Í *Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)*, sem er reifaður er í kafla 4.2, taldi Hæstiréttur, eins og atvikum háttæði, mega líta til 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. við ákvörðun refsingar.

Hrd. 1986, bls. 1287. Í því máli horfði Hæstiréttur til 1. tölul. 74. gr. hgl. við ákvörðun refsingar. Þar háttæði málum með þeim hætti að B og S sátu að sumbli kvöld eitt heima hjá B, kom þá Þ, bróðir B, sem bjó þar einnig og bættist í hópinn. Seinna um kvöldið, samkvæmt B og S, réðist Þ á þá þannig urðu áflog. Tóku þeir Þ hálstaki hvor eftir annan svo hann beið bana af. B og S fóru þá heim til S og voru þar til morguns, komu þeir aftur til baka um kl. 8 um morgunin og var þá Þ enn í sömu stellingu og þeir höfðu skilið við hann. Fóru þeir aftur án þess að kanna ástandið á Þ og er þeir komu aftur, um kl. 17, sama dag reyndist Þ látinn. Voru B og S sakfelldir fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl.

4 Skilyrði neyðarvarnar um forsvaranleg aðferð

Í þessum kafla er komið að megináherslu ritgerðarinnar, hér verður fjallað um það skilyrði neyðarvarnar, að varnarverk sé ekki *auglýnilega hættulegra* en árásin og tjón það sem mátti búast við, með öðrum orðum, að aðferð neyðarvarnarverks sé forsvaranleg. Þetta skilyrði 12. gr. hgl. er heldur óljóst og háð mati hverju sinni. Fyrst verður farið yfir hvað hefur áhrif á mat dómstóla á forsvaranleika og svo verða skoðaðir íslenskir og danskir⁷³ Hæstaréttardómar, þar sem reynt hefur á neyðarvörn og skilyrðið um forsvaranlega aðferð hennar, að lokum verða dregnar ályktanir út frá þessum dómum ásamt vangaveltum tengdum mati á forsvaranlegri aðferð.

4.1 Skilyrðið

Í 12. gr. hgl. er lögfest almenn og sveigjanleg regla um forsvaranlegt samræmi eða eðlilegt hlutfall milli hinnar ólögmetu árásar og nauðsynlegra varnaraðgerða, eins konar meðalhófsregla, það er að beita ekki „vörnum, sem séu auglýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.“ Ýmis atriði koma til skoðunar við þetta mat, svo sem eðli og hættustig árásar, aðferð neyðarvarnarverks, hættan af slíku verki, eðli eða mikilvægi hagsmuna, sem í húfi eru, huglæg afstaða og persónulegir hagir árársarmanns eða árársþola, tilefni árásar og fleira.⁷⁴

⁷² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 136.

⁷³ 1. og 2. mgr. 12. gr. hgl. er sambærileg 1. og 2. mgr. 13. gr. dönsku hegningarlaganna. Sjá 1. mgr. 13. gr.: Handlinger foretagne i nødværge er straffri, for så vidt de har været nødvendige for at modstå eller afværge et påbegyndt eller overhængende uretmæssigt angreb og ikke åbenbart går ud over, hvad der under hensyn til angrebets farlighed, angriberens person og det angrebne retsgodes betydning er forsvarligt.

⁷⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 131 og Ólafur Egill Jónsson: „Neyðarvörn: Heimspekin á bakvið neyðarvörn og almenn skilyrði neyðarvarnar”, bls. 153.

Knud Waaben, danskur fræðimaður á sviði refsiréttar, telur að við mat á forsvaranleika beri fyrst og fremst að horfa til hversu hættuleg árásin er, árásarmannsins og mikilvægi þeirra hagsmuna sem ráðist er gegn.⁷⁵

Það eykur svigrúm þess, sem neyðarvörn beitir, til að miða varnarðgerðir við eigin hugmyndir um hættueðli árásar og jafnvel til að tefla á tæpasta vað við val aðgerða, að orðalag 12. gr. sé „auglýsilega hættulegri“. Vafa í þeim efnum verður því yfirleitt að meta árásarpóla í hag. Dómstólar eiga endanlegt mat á því hvort neyðarvarnarverk hafi verið forsvaranlegt og eru þeir óbundnir af mati árásarpóla í því. Það skiptir ekki eitt máli við mat dómstóla, hvort varnarðgerð teljist forsvaranleg hlutrænt séð, heldur hvernig hún horfði við geranda miðað við aðstæður, þegar hún var framkvæmd.⁷⁶ Varnarverk getur verið forsvaranlegt þó það valdi árásarmanninum einhverjum skaða. Venjulegur maður sem vinnur neyðarvarnarverk í góðri trú og með góðri samvisku á ekki að þurfa þola refsingu vegna verksins.⁷⁷

Í dönskum rétti eru svipuð sjónarmið lögð til grundvallar. Það að varnarverk megi ekki vera *augljóslega* hættulegra en árás, þýðir að túlka beri vafa á því hvort neyðarvörn hafi verið forsvaranleg, þeim í hag sem neyðarvörninni beitti. Það að fara lítilllega yfir strikið, hvað varðar forsvaranleika, á ekki að útiloka refsileysi.⁷⁸

Hótun um ofbeldi getur hugsanlega verið svarað með refsilausu ofbeldi. Ofbeldið þyrfti ekki endilega að vera minna en ofbeldið sem hótað var en það geti verið óforsvaranlegt að til dæmis verjast með lífshættulegu neyðarvarnarverki þegar árásin sem mátti búast við var einungis högg eða spörk.⁷⁹

Ekki er víst hvaða áhrif persónulegir eiginleikar árásarmanns hafa á mat á forsvaranleika neyðarvarnarverks, þó verður að telja að þau séu einhver. Það væri heldur einkennilegt ef til dæmis neyðarvarnarverk gegn stórum og stæðilegum manni fengi ekki meira svigrúm en vörn gegn unglingsstrák.

UfR. 1974, bls. 729. Í því máli fékk maður þriggja ára fangelsisdóm þar sem hann stakk til bana árásarmann sem var mun stærri og sterkari en hann sjálfur. Ekki var fallist á neyðarvörn en refsilækkunarástæða var nýtt vegna aðstæðna í málinu.

⁷⁵ Knud Waaben og Lars Bo Langsted: *Strafferettens almindelige del I. Ansvarslæren*, bls. 138.

⁷⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 132.

⁷⁷ Ólafur Egill Jónsson: „Neyðarvörn: Heimspekin á bakvið neyðarvörn og almenn skilyrði neyðarvarnar“, bls. 154.

⁷⁸ Knud Waaben og Lars Bo Langsted: *Strafferettens almindelige del I. Ansvarslæren*, bls. 138.

⁷⁹ Knud Waaben og Lars Bo Langsted: *Strafferettens almindelige del I. Ansvarslæren*, bls. 137.

4.2 Forsvaranleg aðferð í dómaframkvæmd

Fyrsti dómurinn sem er hér til umfjöllunar er dómur þar sem fallist var á banvænt neyðarvarnarverk, það kemur ekki niður á mikilvægi hans þó hann sé kominn nokkuð til ára sinna.

Hrd. 1957, bls. 47. H var ákærður fyrir manndráp af gáleysi, sbr. 215. gr. hgl. fyrir að hafa slegið eða hrint I, með þeim afleiðingum að hann féll aftur á bak á götuna og lést daginn eftir af völdum höfuðkúpubrots. H hafði verið í bifreið með K þar sem þeir keyrðu fram á bræðurna I og P, gangandi á miðri götunni og þurftu að nema staðar vegna þess. Ákærði fór út bifreiðinni til þess að fá I til að færa sig og réðst þá I að ákærða þannig að átök urðu á milli þeirra, er P varð var við átökin fór hann að hjálpa bróður sínum, I. Sló P þá ákærða með flösku í hnakkann og er hann reiddi flöskuna aftur til höggs sló ákærði eða ýtti I þannig að hann féll í götuna og hlaut þá áverka, sem leiddu til dauða hans. Úr forsendum sakadóms, sem staðfestar voru í Hæstarétti: „Eins og á stóð fyrir ákærða, þ.e. meðan hann á yfir höfði sér árás með vopni, sem gat verið lífshættulegt, þykir hann ekki hafa beitt hættulegri vörnum gegn árásarmönnum sínum en ástæða var til. Þess verður ekki krafizt, að ákærði hefði átt að sjá fyrir sem sennilegar afleiðingar varnaraðgerða sinna það hörmulega slys, sem þarna varð.” Var H sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 215. gr. hgl. á grundvelli 1. mgr. 12. gr. hgl.

Þarna eru aðstæður mjög óvenjulegar miðað við aðra dóma sem fjallað er um hér, það er að mjög vægu varnarverki sé beitt gegn mjög hættulegri árás. Neyðarvarnarverkið var hrinding, árásarþolinn hafði þegar verið sleginn með flösku í hnakkann og við það að fá annað högg með flöskunni, í þokkabót átti árásarþolinn ekki upptökin að átökunum. Þegar horft er til þessara aðstæða er erfitt að ímynda sér vægari og forsvaranlegri leið sem H hefði getað farið í vörn sinni. Hér verður að telja öruggt að fullyrða að H hafi verið allverulega innan marka þess hvað væri forsvaranleg vörn af hans hálfu.

Næsti dómur sýnir að Hæstiréttur er ekki alltaf á einu máli á því hvað sé forsvaranleg aðferð við beitingu neyðarvarnar.

Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009). M var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., fyrir þá háttsemi að stinga A með hníf í hægri síðu. M bar fyrir sig að hafa unnið þetta verk í neyðarvörn eftir að hópur pilta hafði veist að honum með höggum og spörkum án tilefnis og elt hann þegar hann tók á flóttu. A náði M neðar í götunni og tók M tókum, stakk M þá A í hægri síðu. Meirihluti Hæstaréttar hafnaði neyðarvörn og sakfelldi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. Meirihlutinn taldi ákærða, hafa verið nauðsyn að verja sig en með því að draga fram eggvopn og stinga A með ómarkvissum hætti, hafa beitt stórhættulegri aðferð. Þótt A hafi ekki orðið fyrir verulegum áverkum taldi Hæstiréttur að M hafa beitt vörnum sem voru augljóslega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta. Meirihlutinn taldi ekki að 2. mgr. 12. gr. hgl. ætti að leiða til sýknu eftir að hafa metið framgöngu M í ljósi þess að hann hafði orðið fyrir harkalegri og tilefnislausri líkamsárás af hálfu margra manna, auk þess sem nokkru áður hafði maður verið sakfelldur fyrir líkamsárás gegn M. Hæstiréttur horfði til 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. hgl. við ákvörðun refsingar. Einn dómari skilaði sératkvæði, taldi hann skilyrði neyðarvarnar vera uppfyllt og sýkna bæri samkvæmt 1. mgr. 12. gr. Horfði hann til þess að M hafði fyrst reynt að flýja undan árásarmönnum en þeir náð honum á flóttu, M hafi ekki stungið A fyrr en A stökk þar að honum og tók hann tókum og að ekki hefðu hlotist mjög verulegir áverkar af stungunni. Taldi minnihlutinn ákærða hafa verið nauðsyn að verja sig fyrir árás A og annarra þeirra sem eltu ákærða á flóttu hans, taldi hann ákærða hafa tilefni til að ætla sig vera í bráðri

hættu. Auk þess mætti meta framgöngu M umrætt sinn í ljósi þess að nokkru áður hafði maður verið sakfelldur fyrir líkamsárás gegn M.

Hér eru meiri- og minnihlutinn sammála um að M hafi verið nauðsynlegt að verja sig en ósammála um hvort vörn hans hafi verið forsvaranleg. Það má velta upp hvort meirihlutinn hafi verið full strangur í mati sínu á forsvaranleika varnarinnar. Það að sveifla í kringum sig hnífi nálægt fólki og að stinga mann í síðuna er hvort tveggja bersýnilega stórhættuleg háttsemi. Á hinn bóginn er líkamsárás af hendi margra manna einnig stórhættuleg, sérstaklega ef þeir ætla sér virkilega að skaða fórnarlambið. Það má deila um hvort hnífstunga í síðu sé *augskýnilega hættulegri* en árásin og það tjón sem má vænta af líkamsárás af hendi margra manna, sérstaklega ef haft er í huga að eitt högg getur dregið mann eða dregið til dauða. Má þar benda á tvo Hæstaréttardóma, annars vegar *Hrd. 2006, bls. 1427 (508/2005)*, þar sem eitt hnefahögg dró mann til bana og hins vegar áðurnefndan *Hrd. 1957, bls. 47*, þar sem hrinding leiddi til höfuðkúpubrots og dauða manns. Þetta eru vissulega mikil undantekningartilvik en einnig verður að telja að árásin sem M mátti búast við, hafi verið mjög alvarleg. Ekki er heldur hægt að horfa framhjá því að þegar var búið að veitast að M með höggum og spörkum og hann árangurslaust reynt að flýja á brott.

Það er áhugavert að velta fyrir sér hvort það hefði breytt einhverju í mati meirihlutans á forsvaranleika varnarverks M, ef hann hefði stungið A með *markvissum* hætti í síðuna, ekki *ómarkvissum*. Þó að leikmaðurinn myndi eflaust telja hnífstunga í síðu manns vera stórhættulega, þá myndi hann líklega halda að hnífstunga í síðu manns væri *hættuminni* en í til dæmis hnífstunga í brjóst, hversu vel læknisfræðin styður það verður látið ósagt.⁸⁰ Þannig mætti kannski halda því fram að *ómarkviss* stunga í síðu gæti verið *bersýnilega* hættulegri en líkamsárás margra manna á meðan *markviss* stunga í síðu væri það ekki.

Að þessu sögðu verður ekki fallist á með meirihluta Hæstaréttar að vörn M hafi verið óforsvaranleg, sérstaklega ekki eins og atvikin horfðu við honum á verknaðarstundu, hann beitti vissulega stórhættulegri aðferð við vörnina en það var eftir að hafa árangurslaust reynt að flýja harkalega og tilefnislaus árás margra manna.

Annar dómur þar sem hníf var beitt við meinta neyðarvörn.

Hrd. 2004, bls. 1025 (423/2003). Í hópátökum á milli bandarískra varnarliðsmanna og íslenskra ungmenna í miðbæ Reykjavíkur varð Y fyrir fimm hnífstungum, þar af voru þrjár þeirra taldar lífshættulegar. J játaði að hafa stungið Y og var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. Hæstiréttur taldi þó ósannað að J hefði stungið Y oftari en einu sinni og taldi einnig ósannað að J

⁸⁰ Hnífstunga í brjóst er gjarnan virt sem tilraun til manndráps í dómafrankvæmd, sjá til dæmis *Hrd. 27. nóvember 2014 (531/2014)* og *Hrd. 30. maí 2013 (197/2013)*, í báðum málum voru ákærðu sakfelldir fyrir tilraun til manndráps fyrir stinga mann einu sinni í brjóstakassa með hníf.

hefði veitt Y einn hinna lífshættulegu áverka. J bar fyrir sig að þetta hefði verið neyðarvarnarverk, hann hefði verið sleginn í höfuðið aftanfrá með flösku og hann hafi þá gripið til hnífsins og otað honum blindandi í áttina sem hann taldi höggið hafa komið úr. Hæstiréttur hafnaði því að neyðarvörn gæti réttlætt þetta verk og sagði það yrðu ekki talin eðlileg viðbrögð að grípa til svo hættulegs vopns eins og hann gerði. Héraðsdómur taldi þau viðbrögð J að bregðast við, er hann fékk flösku í höfuðið, hafi í ljósi aðstæðna verið eðlileg en ekki yrði talið að verknaður hans hafi getað helgast af neyðarvörn.

Í þessum dómi verður að telja varnarverkið ekki hafa verið í neinu samræmi við árásina og það tjón sem mátti vænta. Fór J langt fram úr þeim mörkum sem leyfileg neyðarvörn gæti talið forsvaranlegt.

Næsti dómurinn er svipaður *Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)* að mörgu leyti, árásarþoli beitir hættulegu varnarverki gegn líkamsárás margra manna eftir að hafa reynt að flýja.

Hrd. 18. janúar 2007 (454/2006). G var sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl., fyrir þá háttsemi að kasta gangstéttarhellu í andlit X þegar hann var á hlaupum undan X og nokkrum vinum hans. G hélt því fram að þetta verk hefði verið unnið í neyðarvörn, sagðist hann hafa verið hræddur og mátt vænta árárs af hendi X og félagans, auk þess sem X væri mun stærri og þyngri en hann sjálfur. Hæstiréttur féllst á það að G hefði kastað hellunni í þeim tilgangi að verja sig eða ógna X og vinum hans. Hæstiréttur hafnaði þó því að neyðarvörn réttlætti þessa háttsemi enda áskilur 1. mgr. 12. gr. hgl. að neyðarvarnarverk megi ekki vera augsýnilega hættulegra en sú árás sem vofir yfir eða tjónið sem vænta má af henni. Taldi Hæstiréttur þá háttsemi að kasta hellubrotinu með þessum hætti hafa verið stórhættulega og féllst því ekki á neyðarvörn. Af sömu ástæðum hafnaði Hæstiréttur 2. mgr. 12. gr. hgl. Þó leit Hæstiréttur til 3. mgr. 218. gr. b. (nú 3. mgr. 218. gr. c.) við ákvörðun refsingar.

Eins og atvikum háttaði hér voru upptök átakanna ekki alveg tilefnislaus eða án aðkomu G en X hafði stuttu áður aðstoðað dyravörð á skemmtistað við að vísa G út og höfðu þeir lent í einhverjum ryskingum fyrir utan staðinn. Hér má samt sem áður taka svipaða gagnrýni og að ofan með *Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)*, var þetta varnarverk *auglýnilega* hættulegra en líkamsárás af hendi margra manna og það tjón sem mátti vænta af henni? Það er augljóst að það er stórhættulegt að slá eða kasta gangstéttarhellu í höfuð manns, en er það *auglýnilega* hættulegra en líkamsárás margra manna. Hversu mikill munur er á einu góðu hnefahöggi eða jafnvel sparki í höfuð og gangstéttarhellunni, hvað með þegar högginn og spörkin eru orðin mörg? Hvað með ef tekið er tillit til stærðarmunar G og X, var kastið hans G mun hættuminna en það gæti annars hafa verið?⁸¹ Hér væri ekki langsótt að segja að Hæstiréttur hafi verið of strangur í mati sínu á forsvaranleika en þó miðað við heildarmat á aðstæðum er afstaða Hæstaréttar skiljanlegri hér en í *Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)*.

⁸¹ Þetta er vissulega minna álítaefni þegar stærðarmunurinn er þekktur, eins og það var líklegast fyrir dómi.

Næst eru tveir danskir dómar þar sem bjórflöskur voru notaðar við neyðarvarnarverk.

UfR. 2003, bls. 1353. T var sýknaður af líkamsárás á grundvelli neyðarvarnar. T hafði slegið X í andlitið með bjórflösku og svo slegið hann 2-3 hnefahöggum í andlitið. Fallist var á neyðarvörn vegna þess að Q hafði kallað að T, að X væri vopnaður hníf fyrir aftan hann, brást þá T við með fyrrgreindum hætti og Q tók hnífinn af X. Ekki var talið að T hefði gengið lengra en hann þurfti við vörminna.

UfR. 1988, bls. 74. F var með ögrandi hegðun gegn 18 ára T, sló F í brjóstið á T þannig að hann féll aftur fyrir sig, þegar F hélt áfram að ögra og ýta T, sló T með bjórflösku í höfuðið á F þannig að flaskan brotnaði og F fékk 3 cm skurð á augabrún sem þurfti að sauma. T var sýknaður á grundvelli neyðarvarnar.

Í fyrri dóminum verður telja að vörn T hafi verið forsvaranleg, þó mætti kannski halda því fram að hnefahögginn hafi verið yfir strikið, telja verður þó réttara að T hafi fengið að njóta vafans í þeim efnum. Fólk gæti eflaust almennt verið sammála um að það, að slá bjórflösku í höfuð sé ekki augljóslega hættulegra en hnífsstunga.

Í seinni dóminum virðist svigrúm T hafa verið ansi mikið og varla væri langsótt að halda því fram varnarverk T hafi verið augljóslega hættulegra, eflaust hefur það haft talsverð áhrif hér að X hafi átt upptökin og hversu ögrandi hegðun hans var.

Svo til nokkurs konar samanburðar, Hæstaréttardómur þar sem ákærði kastaði bjórglasi í áráðarmann sinn.

Hrd. 19. september 2013 (129/2013). S var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. fyrir þá háttsemi að kasta bjórglasi í höfuð A, er þeir voru staddir á veitingastað í miðbæ Reykjavíkur. S hélt því fram að þetta hefði verið gert í neyðarvörn, sagðist hann hafa staðið upp á stól þegar A hafi kastað stól í höfuðið á sér og komið aðsvífandi, sagðist S hafa kastað bjórglasinu vegna ósjálfráðra viðbragða í neyðarvörn. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna hans, héraðsdómur um neyðarvörninna: „Þótt ákærði hafi mátt óttast það að á hann yrði ráðist, var sú háttsemi hans að kasta glasinu á þann veg sem lýst hefur verið stórhættuleg og í ljósi atvika hættulegri en yfirvofandi árás og tjón, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Verður því ekki fallist á að verknaðurinn hafi verið unninn í neyðarvörn.“

Hérna verður að telja dómurinn hafi verið full strangur í mati sínu á forsvaranleika. A kastar stól í S og nálgast hann, á meðan S stendur uppi á stól, þarna verður að telja að frá sjónarhorni S hafi aðstæður litið heldur hættulega út. Það hefði líklegast ekki þurft mikið til í viðbót, af hendi A til að S hefði verið í stórkostlegri hættu á alvarlegum áverkum, þar sem hann stóð svona uppi og A er að nálgast. Þó frekar verði fallist á að kastið hans S hafi verið *augskýnilega* hættulegra en stólkast A, sem höfundur er þó ósammála, þá er erfitt að fallast á að háttsemi S hafi verið *augskýnilega* hættulegri en heildarárásin sem hann mátti búast við af hendi A í viðbót við stólkastið, þar sem að A nálgast S í framhaldi af stólkastinu og S stóð þar berskjaldaður. Að þessu sögðu, þá vekja ofangreindar forsendur héraðsdóms eftirtekt, héraðsdómur segir að kast S hafi verið *hættulegra* en árás A, ekki að kastið hafi verið *aug-*

sýnilega hættulegra, líkt og í orðalagi 1. mgr. 12. gr. hgl. Það verður að telja ljóst að einhver stigsmunur sé á „hættulegra” og „auglýnilega hættulegra”, þó verður forðast að lesa of mikið í þetta orðalag. Tekið skal fram að S hafði ekki verið með ögrandi hegðun í garð A eða neitt því líkt, heldur hafi A reiðst S eftir að hann heyrði sögu um S inni á staðnum og réðst að honum í kjölfarið, skömmu áður höfðu þeir hist inni á staðnum og var allt í góðu þeirra á milli. Með ofangreint í fyrirrúmi verður að telja að matið forsvaranleika hafi verið of strangt.

Næst eru þrír dómur þar sem neyðarvörn var hafnað vegna þess að farið var yfir mörk leyfilegrar neyðarvarnar.

Hrd. 7. maí 2015 (455/2014). X var ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl. með því að hafa sparkað tvisvar, af miklu afli, í höfuð og andlit A. Brotapoli hafði fengið síma X að láni og neitaði að skila honum, sló svo brotapoli X í andlitið. X brást þá við með því að sparka tvisvar í andlit brotapola. Bar X fyrir sig að þetta hefði verið gert í neyðarvörn, þar sem brotapoli hefði ráðist á sig að fyrra bragði. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða, heimfærslu brots hans til refsíákvæðis og að verknaður yrði ekki réttlættur af neyðarvörn. Héraðsdómur hafnaði neyðarvörn, var talið að háttsemi X hafi verið stórhættuleg, þar sem spörkin beindust að höfði. Ákærði hafi gengið mun lengra í atögu sinni en tilefni var til og háttsemi hans gæti ekki réttlæst af neyðarvörn.

Hrd. 2000, bls. 1403 (51/2000). G var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa annars vegar veist að S og slegið tvisvar í höfuðið með flösku og hins vegar fyrir að hafa lagt til að D með hníf. Þó D hafi að fyrra bragði ráðist harkalega að G, töldu bæði Hæstiréttur og héraðsdómur að G hefði farið út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar með því að hafa beitt hnífi sér til varnar.

UfR. 2014, bls. 3210. Þar hafði T sparkað í höfuð liggjandi manns og kýlt hann þrisvar sinnum með krepptum hnefa. Bar hann fyrir sig að þetta hefði verið gert í neyðarvörn. Upptök átakanna voru óljós og gat dómurinn ekki útilokað að brotapoli hefði ráðist á T að fyrra bragði en neyðarvörn var þó hafnað vegna þess hversu langt T gekk.

Hér má einnig benda á *UfR. 1998, bls. 504*, sem reifaður er í kafla 3.3.2. Landsréttur Danmerkur taldi neyðarvörnina, sem fólst í hnefahöggum, hafa verið forsvaranlega og ekki farið yfir strikið.

4.3 Hvað er þá forsvaranlegt?

Miðað við þá dóma sem hér hafa verið skoðaðir, þá sérstaklega *Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)*, þá verður að telja ólíklegt að neyðarvarnarverk verði talið forsvaranlegt ef árásarþoli beitir hníf og stingur árásarmannt sinn við vörnina, í það minnsta gegn óvopnuðum árásarmannti (eða árasarmönnum). Þá yrðu meiri möguleikar taldir á sýknu á grundvelli 2. mgr. 12. gr. hgl., ef aðstæður væru mjög alvarlegar, jafnvel þó árásarmaður (eða árásarmannt)

væri óvopnaður, til dæmis ef aðstæður væru líkar þeim í *Hrd. 1936, bls. 401*,⁸² þar sem verið var að hóta árársþola lífláti í framhaldi af harkalegri árás.

Með hliðsjón af *Hrd. 19. september 2013 (129/2013)* verður ályktað að nokkuð þurfi til, til þess að fallist yrði á neyðarvörn þar sem varnarverkið er að slá eða kasta gleri í höfuð.⁸³ Því verður þó ekki haldið fram að árás A hafi verið svo stórkostlega hættuleg í sjálfu sér, að S væri réttlætt mikil og hættuleg vörn gegn henni, aðeins að árás S hafi ekki verið *augskýnilega* hættulegri en árásin og tjónið sem S mátti vænta. Hæstiréttur Danmerkur virðist þó gefa gleri í höfuð nokkuð meira svigrúm, sérstaklega miðað við *UfR. 1988, bls. 74*, sá dómur nálgast þó fertugsaldurinn og ekki víst að sama niðurstaða fengist í dag.

Það er athyglisvert hversu mikið vægi tjónið sem vænta má af árás, virðist fá í matinu á forsvaranleika varnarverks og í kjölfarið mætti þá velta fyrir sér hvort það vægi sé of mikið. Einnig virðist sem dómstólar horfa frekar til lægri markanna í þeim efnunum, það er að reiknað sé frekar með að afleiðingar af hættulegri árás séu í vægari kantinum. Hvert er til dæmis tjónið sem má vænta af árás fimm manna gegn einum, mun hann ganga frá þeirri árás eða liggja í nokkurn tíma inni á spítala? Það væri heldur ósanngjarnt ef dómstólar miða við of lág mörk í þessu, þegar um jafn einstaklings bundið mat er að ræða, enda eru hugmyndir manna eins mismunandi og þær eru margar. Þannig væri mjög forvitnilegt að sjá hvaða hugmyndir dómarmar hafa, um væntanlegt tjón árárs, fylgja með dómunum.

Áhugavert er að velta fyrir sér hvort það séu einhverjar tiltekna aðferðir þar sem dómstólar eru tregari til að fallast á neyðarvörn en í öðrum tilfellum. Til dæmis hvort líklegri væri að fallist yrði á neyðarvörn ef barefli hefði verið beitt en ekki eggvopni ef atvik væru eins að öðru leyti. Hvað með hversdagslegri hlutur eins og glas, fengi slík varnaraðferð meira svigrúm en barefli eða eggvopn? Kannski meira svigrúm en eggvopn og minna en barefli?

Einnig hvaða áhrif, ef einhver, ástæða þess að árársþoli beitti þessum tiltekna hlut við vörnina hefði á mat á forsvaranleika. Fær árársþoli meira svigrúm ef hann var með „góða“ ástæðu fyrir að nota þetta tiltekna tól við vörnina?

Taka má dæmi þar sem Jóakim beitir hníf í neyðarvörn þegar Bjarni bófi ræðst á hann, fengi vörn Jóakims meira svigrúm ef hann sat að snæðingi á veitingastað og hélt á steikarhníf en ef hann greip sérstaklega til hnífs til þess að verja sig?⁸⁴ Myndu dómstólar við slíkar

⁸² Sjá umfjöllun í kafla 3.4.1.

⁸³ Gler í höfuð er gjarnan virt sem sérstaklega hættuleg líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl. Sjá til dæmis *Hrd. 2006, bls. 4799 (265/2006)*, *Hrd. 21. júní 2010 (675/2009)* og *Hrd. 19. maí 2011 (74/2011)*.

⁸⁴ Að því gefnu að atvik og afleiðingar væru eins að öðru leyti.

aðstæður gera þá kröfu til Jóakims að hann verjist ekki fyrr en hann hefur lagt hnífinn frá sér?
Hér má horfa til nokkuð tengdra atvika í *Hrd. 9. desember 2010 (202/2010)*.

Í því máli var maður sýknaður af broti gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem hann sló glasi í höfuð konu sem hafði sparkað í klof hans í aðdraganda árásar hans. Bar maðurinn fyrir sig að þetta hefðu verið ósjálfráð viðbrögð og hann hefði engann ásetning haft til þessarar árásar. Meirihluti Hæstiréttar sýknaði þar sem hann taldi ásetning ákærða til þessarar árásar ósannaðan.

Í þessu máli reyndi vissulega ekki á neyðarvörn eða forsvaranlega aðferð en áhugavert er að velta fyrir sér hvort svipuð sjónarmið yrðu til athugunar. Hér var talið ósannað að maðurinn hefði slegið konuna af ásetningi og gengið út frá því að þetta hafi verið ósjálfráð viðbrögð hans við sparki í klof, væntanlega hefðu þá viðbrögð hans verið svipuð hvort sem hann hefði verið með tómar hendur, haldið á glasi eða jafnvel hníf. Það hlýtur að teljast varhugavert ef árásarþoli sem hefur engan ásetning til líkamsárásar, hvað þá með sérstaklega hættulegri aðferð, fær ekki meira svigrúm hjá dómstólum en árásarmenn sem beita sömu aðferðum viljandi, árásarþoli sem vill einungis verja sig og notar það sem hann kann að hafa haldið á til varnarinnar.

Að þessu sögðu verður að telja nokkuð öruggt að mjög öfgakenndar aðstæður þyrfti til að fallist yrði á neyðarvörn hér á landi þar sem skotvopni væri beitt við vörnina. Er það bæði vegna þess hversu hættuleg sú vörn væri og að hér á landi eru skotvopn ekki eitthvað sem menn bera á sér eða eru með við höndina, enda ber mönnum að geyma skotvopn og skotfæri í aðskildum og læstum hirslum, sbr. 2. mgr. 23. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þessu til stuðnings má benda á áður nefndan *Hrd. 1936, bls. 401*,⁸⁵ þar sem nokkuð öruggt er að segja að aðstæður hafi verið heldur öfgakenndar en ekki var fallist á neyðarvörn samkvæmt 1. mgr. 12. gr. hgl., ákærði var þó sýknaður á grundvelli 2. mgr. 12. gr. Á móti er danskur dómur þar sem neyðarvörn var talin eiga við, þar var þó um að ræða lögreglumenn sem bera almennt skotvopn í starfi sínu, ólíkt við félagamenn þeirra hér á landi, hvað þá hinn almenna borgara.⁸⁶

UfR. 2012, bls. 679. Lögreglumennirnir G og H skutu E og F til bana þegar þeir stöðvuðu þá ásamt fleiri mönnum vegna gruns um nýjastuld bifreiðar. E var skotinn af G, þegar hann var að fara aka jeppa á lögreglubifreiðina, þar sem H sat við stýrið. G skaut F, er hann sat í annarri bifreið og dró upp eitthvað sem leit út eins og skotvopn en reyndist vera kúbein. Þetta skaðabótamál var höfðað af föður E, móður F og líka C og D, sem höfðu verið með í för í stolnu bifreiðinni, kröfu þeirra var hafnað á þeim grundvelli að lögreglumennirnir höfðu skotið í neyðarvörn.

⁸⁵ Ítarlegri reifun á þessum dóm er að finna í kafla 3.4.1.

⁸⁶ Einnig má nefna *UfR. 2011, bls. 2133*, reifun á honum er að finna í kafla 3.1.

5 Lokaorð

Fjallað hefur verið um ólögmæti, hlutrænu refsileysisástæðurnar neyðarrétt og samþykki, bæði almennt og skilyrði þeirra. Eins hefur verið fjallað um neyðarvörn, bæði almennt og ítarlega, farið yfir hvað er ólögmæt árás og andlag hennar, helstu skilyrði neyðarvarnar og dóma sem reynt hafa á þau, þær reglur sem geta átt við þegar farið er út fyrir mörk leyfilegrar neyðarvarnar. Megináhersla ritgerðarinnar var á skilyrði neyðarvarnar um forsvaranlega aðferð neyðarvarnarverks og dómaframkvæmd þar sem reynt hefur á það skilyrði og hvað mætti svo álykta af þeirri framkvæmd.

Við skoðun á dómaframkvæmdinni vekur það athygli hversu öfgakennd tilfelli eru á ferð, það er mikið um að annað hvort sé bæði mikil og hættuleg vörn gegn mikilli og hættulegri árás eða þá mikil og hættuleg vörn gegn lítilli sem engri árás.⁸⁷ Það vekur upp spurninguna hvar þessi „raunhæfu“ tilvik eru, tilvikin þar sem menn verja sig nóg til að stöðva eða koma í veg fyrir árás og hætta þá, þar sem ekki er bætt nokkrum höggum í árásarmanninn þegar hann liggur í götunni.⁸⁸ Líklegustu skýringuna á því verður að telja að ekki sé ákært í þeim málum þar sem er lítill eða enginn vafi á því að skilyrði neyðarvarnar séu uppfyllt, sérstaklega með hliðsjón af 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en þar kemur fram að ákæranda skuli ekki ákæra nema sakfelling þykji líkleg. Það má velta fyrir sér hvort neyðarvarnar-tilvikin sem ratað hafa til dómstóla, þar sem skilyrðin eru augljóslega ekki uppfyllt, hafi gert dómara tortryggna á vafatilvikin þar sem neyðarvörn gæti mögulega átt við. Þannig má velta því fyrir sér hvort það að bera fyrir sig neyðarvörn komi hreinlega niður á vörn. Athyglisvert er að skoða áður nefnda, *Hrd. 9. desember 2010 (202/2010)* og *Hrd. 19. september 2013 (129/2013)*⁸⁹ með þetta í huga, málsatvik voru með svipuðum hætti og áttu sér bæði stað á skemmtistað.

Í fyrra málinu sparkar kona í klof ákærða, sem slær svo glasi í höfuð hennar. Í því seinna kastar maður stól í ákærða, sem kastar svo glasi í höfuð hans. Í fyrra málinu bar ákærði fyrir sig að þetta hefðu verið ósjálfráð viðbrögð og hann hefði engan ásetning haft til árásarinnar. Í seinna málinu bar ákærði fyrir sig að þetta hefðu verið ósjálfráð varnarviðbrögð í neyðarvörn og hann hefði engan ásetning haft til árásarinnar. Niðurstaða þessara mála í Hæstarétti var sýkna í fyrra málinu og sakfelling í því seinna.

Það er umhugsunarefni hvort dómstólar leggi of mikla áherslu á skilyrðið um forsvaranlega aðferð varnarverksins eða hvort matið sé of strangt. Gera dómstólar of miklar

⁸⁷ Sjá til dæmis *Hrd. 7. maí 2015 (455/2014)*, sem reifaður er í kafla 4.2.

⁸⁸ Sjá einnig *Hrd. 22. september 2011 (724/2010)* sem reifaður er í kafla 3.3.1.

⁸⁹ Ítarlegri reifun á þessum dómi er að finna í kafla 4.2.

kröfur til áráspóla að hugsa hlutina rökrétt og til enda, þegar þeir ákveða að verjast í hita augnabliksins? Oft er öll atburðarrásin, frá því árás byrjar og þar til henni er lokið, einungis talin í sekúndum. Það væri skiljanlegt, að eftir því sem atburðarrásin lengist, myndu aukast kröfur til forsvaranleika en á móti væri kannski gefið eitthvað svigrúm í þessum stystu atburðarrásum. Einnig er spurning hvort dómstólar mættu horfa meira til svokallaðs sanngirnismælikvarða,⁹⁰ þá sérstaklega í tilvikum þar sem varnarverk var ekki talið forsvaranlegt en upprunalega árásin var harkaleg eða jafnvel árás af hendi margra manna.

Það kann að vera augljóst að, varnaraðferð hafi verið hættulegri en upprunalega árásin og tjónið sem mátti vænta en er það jafn augljóst á verknaðarstundu, fær áráspóli ekki tækifæri til að átta sig á hættueiginleikum varnarverksins fyrr en því er lokið? Er tekið tillit til þeirra hugmynda sem leikmaðurinn kann að hafa um varnaraðferðina sína, gerir hann sér grein fyrir því til dæmis að það að slá glasi í höfuð sé virt sem sérstaklega hættuleg líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. hgl.⁹¹ Þótt það, að sveifla hníf í kringum sig og stinga svo mann með ómarkvissum hætti í síðuna sé talið augsýnilega hættulegra en líkamsárás af hendi margra manna, er hægt að segja það með jafn mikilli vissu í hita augnabliksins? Eiga menn að setja upp *Bonus Pater* gleraugun áður þeir taki til varna, hvernig myndi gegn og skynsamur maður haga þessari vörn? Eins og áður kom fram, í kafla 4.1, þá skiptir máli við mat dómstóla á forsvaranleika hvernig aðstæður horfðu við geranda, á verknaðarstundu. Miðað við þá dóma sem hér hafa verið skoðaðir virðist þetta sjónarhorn geranda ekki fá jafn mikið vægi við matið á forsvaranleika og það kannski ætti að gera, þó auðvitað sé erfitt að segja til með vissu enda ratar ekki allt sem dómari hugsar í dóminn sjálfan.

⁹⁰ Átt er við almennar reglur og lagasjónarmið, sem eiga það sameiginlegt, að ósanngarnt væri að bregðast við umræddum aðstæðum með refsíábyrgð. Sjá, Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður”, bls. 383.

⁹¹ Sjá áður nefnda *Hrd.* 2006, bls. 4799 (265/2006), *Hrd.* 21. júní 2010 (675/2009) og *Hrd.* 19. maí 2011 (74/2011).

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: *Bótaréttur I. Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2015.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*. Reykjavík 2004.

Jónatan Þórmundsson: „Ólögmæti verknaðar og refsileysisástæður”. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 2005, bls. 357-385.

Knud Waaben og Lars Bo Langsted: *Strafferettens almindelige del I. Ansvarslæren*. 5. udgave. Kaupmannahöfn 2011.

Ólafur Egill Jónsson: „Neyðarvörn: Heimspekin á bakvið neyðarvörn og almenn skilyrði neyðarvarnar”. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2013, bls. 135-172.

Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*. 2. útgáfa. Reykjavík 2013.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1936, bls. 401
Hrd. 1956, bls. 153
Hrd. 1957, bls. 47
Hrd. 1966, bls. 704
Hrd. 1976, bls. 4
Hrd. 1982, bls. 124
Hrd. 1986, bls. 1287
Hrd. 1991, bls. 1505
Hrd. 1992, bls. 825
Hrd. 1994, bls. 813
Hrd. 1999, bls. 2327
Hrd. 2000, bls. 1403 (51/2000)
Hrd. 2001, bls. 4232 (309/2001)
Hrd. 2004, bls. 1025 (423/2003)
Hrd. 2006, bls. 1427(508/2005)
Hrd. 2006, bls. 4799 (265/2006)
Hrd. 18. janúar 2007 (454/2006)
Hrd. 21. júní 2010 (675/2009)
Hrd. 25. nóvember 2010 (674/2009)
Hrd. 9. desember 2010 (202/2010)
Hrd. 19. maí 2011 (74/2011)
Hrd. 9. júní 2011 (18/2011)
Hrd. 22. september 2011 (724/2010)
Hrd. 24. nóvember 2011 (299/2011)
Hrd. 30. maí 2013 (373/2012)
Hrd. 30. maí 2013 (197/2013)
Hrd. 19. september 2013 (129/2013)
Hrd. 11. september 2014 (233/2014)
Hrd. 13. nóvember 2014 (355/2014)
Hrd. 27. nóvember 2014 (531/2014)
Hrd. 7. maí 2015 (455/2014)

Dómar frá Danmörku:

UfR. 1974, bls. 729
UfR. 1988, bls. 74
UfR. 1998, bls. 504
UfR. 2001, bls. 2126
UfR. 2003, bls. 1353
UfR. 2011, bls. 2133
UfR. 2012, bls. 679
UfR. 2014, bls. 3210